

**Ed.**

**372. Nefndarálit**

[118. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunar-  
kostnað íbúða o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lög þessi voru upphaflega sett til að draga úr áhrifum hinnar miklu olíuverð-  
hækkana, og í þessu skyni var söluskattur hækkaður um 1% án þess að sú hækkun  
hefði áhrif á kaupgreiðsluvísitölu. Nú er um það að ræða að framlengja þessi lög í  
annað sinn og virðist það eðlilegt og óhjákvæmilegt.

Þegar lögín voru framlengd fyrir einu ári, kom fram sú tilhneiging hjá ríkis-  
stjórninni að taka hluta af þessu fjármagni til annarra þarfa og hækkaði styrkurinn  
mjög lítið, þrátt fyrir miklar verðhækkningar, þar eð rúmlega 300 millj. kr. voru lagðar  
í Orkusjóð.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, var ráð fyrir því gert, að olíustyrkurinn  
hækkaði alls ekki, enda þótt olía til húsa hitunar hafi hækkað um 25% og sölu-  
skattsstigið gefi talsvert hærri fjárhæð en áður. Meiri hluti fjárhags- og viðskipta-  
nefndar hefur hins vegar fallist á, að frumvarpinu verði breytt, þannig að styrkurinn  
hækki úr 8 200 kr. á einstakling í 9 500 kr., en sú hækkun er þó algerlega ófullnægjandi  
og í engu samræmi við hækkun olíuverðs. Ég ber því fram þá tillögu, að olíustyrk-  
urinn hækki í 13 500 kr.

Ljóst er, að hin gífurlega hækkun á olíuverði, sem átt hefur sér stað á seinustu  
árum, er sérstaklega þungbær fyrir tekjulítið fólk og þá einkum fyrir aldraða og  
öryrkja, sem oft hafa fámenna fjölskyldu og fá því tiltölulega lítinn olíustyrk. Líf-  
eyrisþegar, sem njóta tekjutryggingar samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, fá  
nú einn og hálfan styrk einstaklings, en ekki veitir af að greiðslur til þeirra nemi  
tvöföldum styrk einstaklings.

Að þessu athuguðu mæli ég með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

#### BREYTINGU:

Við a-lið 2. gr.

- a. Í stað „8 200“ komi: 13 500.
- b. Setningin „Þó skulu lífeyrisþegar . . . fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk  
einstaklings“ verði: Þó skulu lífeyrisþegar . . . fá greiddan styrk, sem nemur  
tvöföldum styrk einstaklings.

Alþingi, 25. febr. 1976.

Ragnar Arnalds.